



# Umhverfis- og loftlagsstefna Heilbrigðisstofnunar Austurlands 2023-2025

## Framtíðarsýn

Heilbrigðisstofnun Austurlands ætlar að vera til fyrirmyndar í umhverfis- og loftslagsmálum og halda neikvæðum umhverfisáhrifum af starfsemi stofnunarinnar í lágmarki. Stofnunin leggur sitt af mörkum til að skuldbindingum íslenskra stjórnvalda gagnvart Parísarsamkomulaginu sé náð og tekur þannig virkan þátt í baráttunni við loftslagsbreytingar.

Heilbrigðisstofnun Austurlands tryggir að lagalegum kröfum sem tengjast starfsemi hennar sé fylgt og vinnur að stöðugum umbótum á umhverfisstarfi stofnunarinnar. Stofnunin vinnur að innleiðingu umhverfisstjórnuarkerfis í tengslum við Græn skref og leggur þær til grundvallar í allri vinnu.

## Yfirmarkmið

Heilbrigðisstofnun Austurlands ætlar að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda (GHL) á stöðugildi um 40% fyrir árið 2030 miðað við árið 2019. Stofnunin stefnir einnig að kolefnishlutlausri starfsemi með því að kolefnisjafna alla eftirstandandi losun frá árinu 2021.

## Gildissvið

Stefna þessi tekur til umhverfisáhrifa af innri rekstri Heilbrigðisstofnunar Austurlands og varðar alla starfsmenn stofnunarinnar. HSA er með starfsstöðvar á 13 stöðum á Austurlandi. Reynt er eftir fremsta megni að mæla þá umhverfisþætti sem falla undir umfang stefnunnar á öllum starfsstöðvum.

## Umfang

Umhverfis- og loftlagsstefna HSA fjallar um samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda samkvæmt leiðbeiningum um loftslagsstefnur opinberra aðila en jafnframt um umhverfisáhrif stofnunarinnar í víðara samhengi. Stefnan tekur til eftirfarandi umhverfisþátta sem unnt er að fylgjast með og mæla hverju sinni:

## Samgöngur

- Losun GHV vegna aksturs á bifreiðum stofnunar
- Losun GHV vegna flugferða starfsmanna innanlands
- Losun GHV vegna aksturs á bílaleigubílum
- Fjöldi samgöngusamninga sem stofnunin gerir við starfsmenn

### Orkunotkun

- Rafmagnsnotkun á starfsstöðvum á Egilsstöðum og í Neskaupstað
- Heitavatnsnotkun á starfsstöð á Egilsstöðum og í Neskaupstað

### Úrgangur

- Losun GHV vegna lífræns úrgangs sem fellur til á öllum starfsstöðvum
- Losun GHV vegna blandaðs úrgangs sem fellur til á öllum starfsstöðvum
- Heildarmagn úrgangs sem fellur til á öllum starfsstöðvum
- Endurvinnsluhlutfall á öllum starfsstöðvum

### Innkaup

- Hlutfall umhverfisstofnaðs skrifstofupappírs sem stofnunin kaupir
- Hlutfall umhverfisstofnaðrar prentþjónustu sem stofnunin kaupir
- Magn ræsti- og hreinsiefna sem stofnunin kaupir sjálf og notuð eru á starfsstöðvum HSA
- Hlutfall umhverfisstofnaðra ræsti- og hreinsiefna sem stofnunin kaupir sjálf og notuð eru á starfsstöðvum HSA
- Hlutfall umhverfisstofnaðrar ræstiþjónustu sem stofnunin kaupir fyrir þær starfsstöðvar sem við á.

## Áherslur í umhverfis- og loftslagsmálum

- Drögum úr losun gróðurhúsalofttegunda vegna samgangna, úrgangs og orkunotkunar
- Viðhöldum fjarfundarmenningu
- Drögum úr úrgangsmyndun og aukum endurvinnslu
- Hugum að orkusparnaði
- Fræðum starfsfólk um innra umhverfisstarf og önnur umhverfismál
- Stundum umhverfisstær innkaup eins og kostur er
- Fylgjum Grænum skrefum
- Kolefnisjöfnum losun okkar með ábyrgum hætti

## Eftirfylgni

Síðan 2019 hefur HSA haldið Grænt bókhald þar sem teknir eru saman þýðingarmestu umhverfisþættir í starfseminni. Niðurstöður bókhaldsins eru notaðar til að móta stefnu og aðgerðir í umhverfis- og loftslagsmálum.

Fyrir 1. apríl ár hvert er Grænt bókhald fyrra árs tekið saman og því skilað í Gagnagátt

Umhverfisstofnunar. Grænt teymi sér um að taka bókhaldið saman í samstarfi við bókhaldsdeild HSA.

Umhverfis- og loftslagsstefnan er rýnd árlega af Grænu teymi og áherslur, markmið og aðgerðaráætlun uppfærð þegar niðurstöður Græns bókhalds liggja fyrir. Allar uppfærslur verða lagðar fyrir framkvæmdastjórn til samþykktar.

Niðurstöðum Græns bókhalds og árangri umhverfis- og loftslagsstefnu er miðlað til samfélagsins á vef HSA og í rafrænni ársskýrslu ár hvert. Einnig birtast niðurstöður Græns bókhalds á heimasíðu Grænna skrefa ásamt niðurstöðum annarra ríkisstofnana.

Stefnan rýnd og samþykkt af framkvæmdastjórn 2. mars 2023

## **Umhverfis- og loftslagsstefna Heilbrigðisstofnunar Austurlands tekur mið af:**

- [Leiðbeiningum Umhverfisstofnunar um loftslagsstefnur opinberra aðila](#)
- [Skuldbindingum íslenskra stjórnvalda gagnvart Parísarsamkomulaginu](#)
- [Aðgerðaáætlun íslenskra stjórnvalda í loftslagsmálum](#)
- [Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna](#)
- [Grænum skrefum](#)